



**Hlíðarfjall
Akureyri**



Sími 96-22280 · Pósthólf 168 · 602 Akureyri

Skíðahótel í Hlíðarfjalli við Akureyri er í 500 metra hæð yfir sjó og um 7 km. frá Akureyri. Þangað eru áætlunarferðir þrisvar sinnum á dag alla daga og tekur ferðin um 20 mínútur. Í hótelinu er svefnþokpláss fyrir 60-70 manns, borðsalur fyrir 90 manns, með sjálfsafgreiðslu veitingasölu. Veitingasalan er opin alla daga meðan lyftur ganga, þar er einnig setustofa með sjónvarpi og hægt að fá leigðan skíðabún-að. Í skálanum Strýtu sem er við efri enda stóla-lyftu í 700 metra hæð, er einnig veitingasala um helgar.

Lyftur

Í Hlíðarfjalli eru 5 skíðalyftur. Stólalyfta 1000 m löng sem flytur 580 manns á klst. Spjaldalyfta 700 m löng sem flytur 600 manns á klst., T lyfta 800 m löng og flytur 1000 manns á klst. og tvær togbrautir 200 m og 350 m, sem flytja hvor um sig 700 manns á klst.



Brekkur

Brekkurnar við áðurnefndar lyftur eru flóðlýstar á kvöldin og er þar hin ákjósanlegasta skíðaaðstaða. Fallhaeð frá efstu lyftu að hótelri er 500 m, og lengsta skíðaleið er 2,5 km. Allar brekkur í Hlíðarfjalli eru troðnar daglega og er mikil kapp lagt á að hafa þær sem best úr garði gerðar. Þá er einnig ákjósanleg gönguaðstaða í Hlíðarfjalli, brautir troðnar og merktar.

Lyfturnar eru opnar sem hér segir:

Virka daga kl. 13-18.45.

Priðjudaga, miðvikudaga og fimmtudaga er opíð til kl. 20.45.

Um helgar eru allar lyftur opnar frá kl. 10-17.

Kennsla

Í Hlíðarfjalli er skíðaskóli þar sem hægt er að fá kennslu í einkatínum og hópkennslu. Skíðanámskeið eru kl. 14-16, 17-19 og 19-21. Börn yngri en 5 ára fá ekki aðgang að skíðaskólanum. Námskeiðin hefjast á mánuðögum og lýkur á föstudögum.

Velkomin í Hlíðarfjall

Gisting

Á Akureyri er hægt að gista á hótelum og gistiheimilum.

Hótel eru:

Hótel KEA, sími 96-22200

Hótel Stefanía sími 96-26366

Hótel Varðborg sími 96-22600

Hótel Akureyri sími 96-22525

Upplýsingar

um gistiheimili og allar aðrar upplýsingar er að fá hjá Upplýsingamiðstöðinni Hafnarstræti 82, sími 96-27733.

Ferðir til Akureyrar

Flugleiðir og Norðurleið halda uppi daglegum ferðum allt árið, einnig eru áætlunarferðir frá Húsavík, Dalvík og Ólafsfirði.

